

Fundur í umhverfisnefnd 5. apríl

Mættir: Heimir, Natalía, Dána, Stefanía Katrín, Guðrún, Gabríel, Eymar, Helga, Jörgen, Rakel Ásta, Helena, Sigga V og Sigga Lára

1. Rafmagnssparnaður – mælingar komu ekki vel út. Hitakerfið í húsinu var bilað á mælingartímabilinu og því óvenju mikil rafmagnsnotkun. Ákveðið að mæla aftur í vikunum 9. – 20 apríl.
2. Plastnotkun – umræður um áhugaverð verkefni t.d. flöskur úr endurvinnanlegu efni og endurvinnslu á tyggjóí sem er að stærstum hluta gert úr plasti. Hvernig getum við minnkað plastnotkun í Heiðarskóla? Tillaga að því að minnka plastpökunotkun í almennum tönnum. Nota minni tunnur fyrir almennt sorp. Ætlum að kaupa glös/mál til að nota á útidögum í stað einnota glasa og við ætlum að hætta að nota plaströr í búst.
3. Dagur umhverfisins 25. apríl – setja upp sýningu á alls kyns umhverfisvænum vörum. Guðrún ætlar hafa samband við Kaju og reyna að fá lánaðar umhverfisvænar vörur. Ákveðið að hver og einn geti líka lánað eitthvað sniðugt á sýninguna. Umræður um fyrirlesara, t.d. Sabína eða Saga. Líka umræður um matarstefnu Heiðarskóla.
4. Gróðursetningardagur 9. maí – tökum plöntur úr uppeldisreit og gróðursetjum. Ath. hvort við fáum Eyfa til að vera með okkur þennan dag.
5. Umhverfissáttmáli Heiðarskóla – ýmsar hugmyndir kynntar. Samþykkt að umhverfissáttmáli Heiðarskóla verði: „**Gerðu það sem er rétt fyrir umhverfið, ekki það sem er auðveldast**“. Ákveðið að hver og einn undirriti sáttmálann með fingrafari (laufblað á tré).
6. Survivor – umræður um daginn og nefndarmenn hvattir til að koma með hugmyndir.

Fundi slitið